



1. útgáfa 08.03.2012

Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

1. Vöruheiti - notkun - innflytjandi/framleiðandi

Vöruheiti:	Q8 Specialbenzin 2T (Alkylatbensín)
Vörunúmer:	7367 70190195
Notkunarsvið:	Alkylatbensín fyrir tví- og fjórgengisvélar
Framleiðandi:	Kuwait Petroleum (Danmark) A/S Banevænget 13, DK 3460 Birkørød
Söluaðili:	N1 Dalvegur 10-14 201 Kópavogur 440 1000
Sími:	
Netfang:	n1@n1.is
Veffang:	www.n1.is

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222.
Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

Áhrif á fólk:	Getur valdið vægri ertingu í augum og í meltingarvegi. Ekki er gert ráð fyrir ertingu þegar í stað, en langvarandi eða endurtekin snerting getur skaðað húð. Við mikinn styrk getur gufa borist inn í líkamann um lungu og orsakað svima, köfnunartilfinningu og höfðuðverk. <i>Sjá einnig 11. og 15. lið.</i>
Áhrif á umhverfi:	Varan telst hættuleg vatnsumhverfi. <i>Sjá einnig 12. lið.</i>
Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar:	Varan er afar eldfim. Gufa getur myndað sprengifimar blöndur með andrúmslofti við umhverfishita.
Annað:	Eftir inntöku er mesta hættan fólgin í að við uppköst berist gufa í lungu. Forðast ætti að tæma maga nema undir eftirliti læknis.

3. Samsetning - upplýsingar um innihaldsefni

Innihaldsefni:	EB-nr.	CAS-nr.	Styrkur %	Index nr.	H.-setn. nr.	Hættuflokkun
Hrábensín (úr jarðolíu), með víft eimingsarvið, eftir alkýlun	265-066-7	64741-64-6	>98		F, Xn, N	H12, H38, H65, H67, H51/53
Bensen	200-753-7	71-43-2	<0,1		F+, T	H45, H11, H48/23/24/25
N-hexan	203-777-6	71-43-2	<0,5		F, N, Xn	H11, H38, H48/20, H51/53, H62, H65, H67

*Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.
Sjá flokkun efnisins í 2. og 15. lið, og H- og V- setningar í 15. lið.*

4. Skyndihjálp

Almennt:	Öryggisblað skal ávallt vera tiltækt á vinnustað. Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf. Ef grunur um heilsutjón vaknar skal strax leita til læknis. Sýnið öryggisblaðið. Sé sá slasaði meðvitundarlaus, leggið hann í læsta hlíðarlegu og leitið strax læknis. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Inntaka:	Framkallið ekki uppköst. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt.
Innöndun:	Tryggið ferskt loft. Veitið öndunaraðstoð, andi sá slasaði óreglulega eða alls ekki. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt.
Snerting við húð:	Hreinsið vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis ef erting myndast.
Snerting við augu:	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolun. Leitið læknis ef erting myndast.

5. Bruni - slökkviaðgerðir

Almenn viðbrögð:	Fjarlægð umbúðir af eldstað ef mögulegt er, kælið annars með vatnsúða Gætið þess að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.
Slökkvibúnaður:	Slökkviduft, froða, eða koldíoxíð. Sprautið ekki vatni beint á eld.
Sérstakar hættur:	Nokkur íkveikjuhætta af hita- eða neistagjöfum og eldi. Gufa getur myndað sprengifimar blöndur með andrúmslofti. Forðist stöðurafragn.
Sérstakur hlífðarbúnaður:	Notið öndunarbúnað við slökkvistörf í lokuðum rýmum.

6. Efnaleki

Öryggisráðstafanir:	Forðist snertingu við húð og innöndun gufu við hreinsistörf. Tryggið góða loftræstingu.
Ráðstafanir v. umhverfis:	Nota má vatn til spúla efnaleifum frá eldi, hita- eða neistagjöfum. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.
Hreinsunaraðferðir:	Sjúgið eða skrapið efnið upp. Notið óbrennanleg isogsefni t.d. Sand eða virkan leir til að hreinsa efnið upp. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

7. Meðhöndlun og geymsla

Meðhöndlun:	Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tíðkast við meðhöndlun efna. Tryggið góða loftræstingu. Notið viðeigandi persónuhlífar og forðist langvarandi eða endurtekna snertingu við húð.
Geymsla:	Geymið í upphaflegum umbúðum, vel luktum, við herbergishita á þurrum, vel loftræstum stað, fjarri eld- eða neistagjöfum. Geymist þar sem börn ná ekki til. Æskilegt geymsluhitastig 5-25° C.

8. Takmörkun váhrifa - persónuhlífar

Mengunarmörk:	250 ppm (Danska Vinnueftirlitið 2002). Haldið ætíð styrk í lágmarki með góðri loftræstingu og vinnuvenjum.
Almennar ráðstafanir:	Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Aðrar sérlegar ráðstafanir eru ekki nauðsynlegar. Neytið einskis meðan á notkun efnisins stendur.
Öndunarfæri:	Forðist innöndun gufu, reyk eða úða með góðri loftræstingu og vinnuvenjum.
Hendur og húð:	Notið hanska úr PVA eða nitríl við langvarandi eða endurtekna notkun. Skiptið oft um hanska og vinnuföt. Hreinsið húð svo fljótt sem auðið er.
Augu:	Notið hlífðargleraugu sé hætta á slettum.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Einkennandi
Litur:	Ljós gulleitur
Sýrustig (pH):	Hlutlaust
Suðusvið:	25-220°C
Bræðslu/flotmark:	<-60°C
Blossamark:	<-40°C (ASTM D 56)
Sjálftendrun::	>250°C
Lægri sprengimörk í lofti:	0,6%
Hærri sprengimörk í lofti:	8,0%
Gufuþrýstingur 20°C:	30 kPa
Seigja:	<1 mm ² /s
Eðlismassi:	0,68-0,72
Vatnsleysni:	<0,03% mm ² /s
Deillistuðull n-oktanól/vatn:	>3
Annað:	Eðlismassi gufu (loft =1): >3 Gufuþrýstingur 37,8°C: 50-65 kPa

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Stöðugleiki:	Stöðugt við venjulegar aðstæður.
Aðstæður sem ber að varast:	Forðist háan hita, opinn eld og aðra íkveikjuvalda.
Efni sem ber að varast:	Sterk oxunarefni.
Hættuleg niðurbrotsefni:	Niðurbrot við háan hita eða bruna getur myndað kolefnisoxíð, auk ertandi gufu.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

Innöndun:	Hætta við innöndun í eitt skipti er talin hverfandi. Endurtekin eða langvarandi snerting við háan styrk gufu getur valdið ógleði, svima, höfuðverk, vímuáhrifum, skertri dómgreind, og jafnvel meðvitundarleysi. Gufa getur verið lífshættuleg í lokuðum rýmum vegna súrefnisskorts. LC50 (innöndun, rotta 4 klst): > 5000 mg/kg.
Inntaka:	Inntaka getur valdið lungnaþembu/bólgu, ef efnið nær til lungnanna LD50 (inntaka, rotta): > 2000 mg/kg.
Snerting við húð:	Skammvinn snerting veldur aðeins vægri ertingu. Langvarandi snerting getur valdið efnabruna á húð LD50 (ísog): > 2000 mg/kg.
Snerting við augu:	Veldur vægri ertingu.


12. Vistfræðilegar upplýsingar

Hreyfanleiki/dreifing:	Efnið má ekki berast í niðurföll, jarðvatn eða jarðveg. Efnið gufar hratt upp og dreifist í andrúmsloftinu, þar sem það brotnar niður af völdum sólarljóss.
Þrávirkni og niðurbrot:	Brotnar hægt niður í náttúrunni.
Hugsanleg uppsöfnun í lífverum:	Getur valdið skaðlegum langtímaáhrifum á lífríki í vatni. Ætluð eiturhrif 1-100 mg/l

13. Förgun

Vara:	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku.
Umbúðir:	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálf. Reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, flokkast efnið og leifar þess sem : 13 07 02 (Bensín)

14. Flutningar

	UN (SP)- nr.	Flokkur	Efnisheiti	Pökkunarflokkur	Varúðarmerking	Sjávar- mengandi?
Sjóflutningar: IMDG	1203	3	BENSIN (GASOLINE)	II		-
Flugfrakt: ICAO/IATA	1203	3	BENSIN (GASOLINE)	II		
Vegaflutn.: ADR-reglur	1203	3	BENSIN (GASOLINE)	II		

15. Lög, reglugerðir og merkingar

Varnaðarmerkingar eru samkvæmt reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og upplýsingum frá framleiðanda. Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir. (REACH).

Varnaðarmerki: F+, N, Xn



Hættusetningar:	H12	Afar eldfimt
	H38	Ertir húð
	H51/53	Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
	H65	Hættulegt: getur valdið lugnaskaða við inntöku
	H67	Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima

Varnaðarsetningar:	V2	Geymist þar sem börn ná ekki til
	V23	Varist innöndun lofttegundar/reyks/gufu/úða
	V24	Varist snertingu við húð
	V29	Má ekki losa í niðurföll
	V43	Notið duft, CO2 eða froðu við slökkvistarf. Notið ekki vatn.
	V61	Forðist losun út í umhverfið. Athugið sérstakar ráðleggingar/ öryggisblöð
	V62	Varist að framkalla uppköst eftir inntöku. Leitið umsvifalaust lækni og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.

16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði:

H112	Mjög eldfimt
H12	Afar eldfimt
H38	Ertir húð
H45	Getur valdið krabbameini
H48/20	Hættulegt: hætta á alvarlegu heilsutjóni við innöndun við langvarandi notkun
H48/23/24/25	Eitrað: hætta á alvarlegu heilsutjóni við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku við langvarandi notkun
H51/53	Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
H62	Getur hugsanlega dregið úr frjósemi
H65	Hættulegt: getur valdið lugnaskaða við inntöku
H67	Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima

Útgáfa: 1.
Dags: 08.03.2012

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **Q8 OILS LEVERANDØRSBRUGSANVISING - Q8 SPECIALBENZIN**
Útgáfudags: 21.07.2004
Kemur í stað, dags: 02.09.2003